

Reykjavík, mars 2025

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík
v/tilnefninga til stjórnar RARIK

Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál tilnefnir ráðherra „í stjórnir félaga sem ríkið á eignarhlut í á grundvelli hæfni og menntunar eða reynslu.“ Skulu viðeigandi kröfur byggja á reglum sem ráðherra setur um „almenn og hlutlæg skilyrði fyrir vali til setu í slíkum stjórnnum og birtir opinberlega sem hluta af eigandastefnu.“

Ráðherra óskar hverju sinni formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi stjórnnum. Ráðherra hefur í samræmi við lög sett valnefndinni starfsreglur til að styðjast við í mati sínu á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í stjórnnum fyrirtækja í eigu ríkisins.

Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal valnefnd í hvert sinn leggja til við ráðherra tvo einstaklinga fyrir hvert stjórnarsæti.

Valnefnd orkufyrirtækja í eigu ríkisins skipa Erna Agnarsdóttir, Helgi Þór Ingason og Sverrir Briem, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Í mars 2025 óskaði ráðherra eftir tilnefningum valnefndar á stjórnarmönnum fyrir aðalfund RARIK.

Aðferðafræði valnefndar

Í samræmi við ofangreinda beiðni hefur valnefndin metið einstaklinga sem sýnt hafa áhuga á að sitja í stjórnnum fyrir hönd ríkisins. Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal leitast við að tryggja að þeir einstaklingar sem skipa stjórnir félaga í eigu ríkisins hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að auka getu stjórnar til að tryggja að skipulag og starfsemi félagsins sé í sem bestu horfi.

Í skipunarbréfi valnefndar segir: "Valnefnd er sjálfstæð í sínum störfum, enda er markmiðið með fyrirkomulaginu að val á einstaklingum sem til greina koma í stjórnir byggji á faglegum og vönduðum grunni. Valnefnd skal í vinnu sinni eftir því sem við á hagnýta skrár ráðuneytisins til að meta hæfni einstaklinga sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórnnum og hafa samráð við ráðuneytið telji hún ástæðu til að auglýsa sérstaklega eftir hæfum einstaklingum. Valnefnd er þá jafnframt heimilt að leita eftir einstaklingum að eigin frumkvæði."

Lagðar voru til grundvallar þrjár lykilheimildir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti:

- Almenn eigendastefna ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins (september 2021)
- Reglur um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins (14. febrúar 2025)
- Auglýsing fjármála- og efnahagsráðuneytis um nýtt verklag við val í stjórnir ríkisfyrirtækja (14. febrúar 2025)

Á grundvelli þessara heimilda var helst litið til til eftirfarandi atriða við mat á hæfni einstaklinga og við undirbúning tillagna um einstaklinga til stjórnarsetu í RARIK:

- Yfirlit yfir rekstri
- Þekking á íslensku atvinnulífi
- Reynsla af stjórnarsetu, stjórnun og góðum stjórnarháttum
- Þekking á starfsumhverfi viðkomandi fyrirtækis
- Reynsla af stefnumótun
- Reynsla af og þekking á fjármálum, mannauðsmálum og sjálfbærni
- Leiðtogahæfni
- Traust og gott orðspor

Stjórnarmenn skulu jafnframt vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óháði skal höfð hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti. Þá skal þess jafnframt gætt að ekki sé hætta á hagsmunaárekstrum vegna annarra starfa stjórnarmanna, en þar skal sérstaklega litið til tengsla við önnur félög sem starfa í sama samkeppnisumhverfi. Hvorki starfsmenn félags né kjörnir fulltrúar á Alþingi eða í sveitarstjórnnum skulu tilnefndir fyrir hönd ríkisins til setu í stjórn félags í eigu þess.

Út frá fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum lagði nefndin mat á það að hve miklu leyti þeir einstaklingar sem lýstu yfir áhuga á stjórnarsetu byggju yfir þeirri hæfni sem lýst er hér að ofan. Þá var sérstaklega hugað að því að stjórnin og þeir einstaklingar sem í henni sitja hefðu sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að stuðla að því að skipulag og starfsemi RARIK sé í sem bestu horfi.

Æskilegt er að við mat á samsetningu stjórnar sé litið til þess að innan hennar sé hæfileg breidd hvað varðar m.a. menntun, faglegan bakgrunn, kyn, þekkingu og reynslu. Leitast skal við að tryggja sem jöfnust kynjahlutföll innan stjórnar.

Tilnefningar valnefndar

Eftir heildstætt mat og samanburð á hæfni þeirra einstaklinga sem gáfu kost á sér eru tilnefningar valnefndar til stjórnarsetu í RARIK eftirfarandi í stafrófsröð:

- | | |
|-----------------------------|---------------------------|
| • Ari Kristinn Jónsson | • Sigrún Hallgrímsdóttir |
| • Einar Sigmundsson | • Sigurgeir Guðlaugsson |
| • Ingunn Agnes Kro | • Sverrir Jan Norðfjörð |
| • Lilja Dóra Halldórsdóttir | • Valgerður Gunnarsdóttir |
| • Ragnar Guðmundsson | • Þóra Þórisdóttir |

Nánari upplýsingar um hvern og einn tilnefndan stjórnarmann má finna í viðauka.

Virðingarfyllst,
valnefnd ríkisins,
Sverrir Briem, formaður
Erna Agnarsdóttir
Helgi Þór Ingason

Viðauki



Ari Kristinn Jónsson

Ari Kristinn Jónsson er framkvæmdastjóri Videntifier Technologies og situr í stjórn Nýsköpunarsjóðs NATO og Amerísk-íslenska viðskiptaráðsins. Hann var rektor Háskólans í Reykjavík á tímabilinu 2010-2021 en þar á undan var hann forseti tölvunarfræðideildar skólans. Ari Kristinn starfaði sem vísindamaður við NASA eftir að hann varði doktorsritgerð sína í tölvunarfræði frá Stanford háskóla 1997. Hann lauk BSc prófi í tölvunarfræði frá HÍ 1991 og BSc prófi í stærðfræði frá sama skóla 1990.



Einar Pálmi Sigmundsson

Einar Pálmi var fjárfestingarstjóri hjá Kviku eignastýringu frá 2017-2024. Það er leiddi hann stór verkefni við kaup og sölu fyrirtækja, vann verðmöt og viðskiptaáætlanir og greindi rekstur. Áður var hann yfirmaður fyrirtækjaráðgjafar hjá HF Verðbréfum og verkefnastjóri hjá Kaupþingi/Arion banka. Hann starfaði í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka frá 1993-2007. Hann hefur setið í stjórnnum Arctic Adventures, Já/Gallup, Gámafélagsins og Fálkans/Ísmar. Einar Pálmi er viðskiptafræðingur frá HÍ og með MBA frá Rotterdam.



Ingunn Agnes Kro

Ingunn Agnes Kro hefur verið stjórnarformaður RARIK frá árinu 2023 og situr jafnframt í stjórnnum Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Freyju framtakssjóðs og Votlendissjóðs. Ingunn Agnes er með BA og MA í lögfræði og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi og er löggiltur verðbréfamiðlari. Hún starfaði hjá Skeljungu hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í framkvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf., dótturfélags Skeljungs hf., á árunum 2018-2019.



Lilja Dóra Halldórsdóttir

Lilja Dóra Halldórsdóttir starfar í dag við ráðgjöf og fjárfestingar. Hún var forstjóri Lykils fjármögnunar hf. (áður Lýsing hf.) á árunum 2011-2020 og var yfirlögfræðingur félagsins 2010-2011. Á árunum 2004 til 2010 var Lilja Dóra var aðjúnkt við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík. Þá starfaði hún hjá EFTA Surveillance Authority í Brussel á árunum 1998 til 2003. Lilja Dóra hefur setið í stjórn Klakka ehf. frá árinu 2021 og sat í stjórn Fossa fjárfestingabanka á árunum 2022 til 2024. Hún er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, viðbótargráðu í stjórnun frá Katholieke Universitet í Leuven og MBA frá Vlerick Business School í Leuven.



Ragnar Guðmundsson

Ragnar er í dag framkvæmdastjóri EP Power Minerals og stýrir þar undirbúningi á umhverfisvænu gjóskuefni af Mýrdalssandi. Hann var forstjóri Norðuráls frá 2007-2019 og fjármálastjóri félagsins frá 1997-2007. Áður var hann fjármálastjóri Básafells frá 1996-1997 og deildarstjóri hagdeildar hjá Samskipum frá 1993-1996. Hann hefur setið í stjórn Samtaka Iðnaðarins og Samál. Ragnar er með Cand.Oecon frá Háskóla Íslands og MBA frá McGill University í Kanada.

**Sigrún Hallgrímsdóttir**

Sigrún Hallgrímsdóttir var fjármálastjóri Mílu frá 2014-2023 og sat í framkvæmdastjórn fyrirtækisins, hún sinnir núna verkefnastjórn fyrir félagið. Frá 2007-2014 var hún forstöðumaður fjármála Mílu. Sigrún var sérfræðingur á fjármálasviði Kaupþings á árunum 2007-2008 og deildarstjóri innan Heildsölu Símans frá 1998-2006. Hún er með Cand.Oecon frá HÍ, meistarágráðu í fjármálum fyrirtækja og með löggildingu til endurskoðunarstarfa frá 1998.

**Sigurgeir Guðlaugsson**

Sigurgeir var forstjóri Genís frá 2022-2024. Hann stofnaði ráðgjafarfyrirtækið Citalfort Consulting ári 2009 og starfaði við ráðgjöf rá 2009-2021. Hann var yfir alþjóðlegum samrunum og yfirtökum hjá Actavis frá 2003-2006, starfaði við fjárfestingar hjá Novator 2006-2009 og var forstjóri Zymetech frá 2014-2016. Hann hefur setið í stjórn meðal annars Coripharma, FlyOverIceland og Actavis. Sigurgeir lauk B.Sc. prófi í Alþjóðaviðskiptum frá Copenhagen Business School árið 1999.

**Sverrir Jan Norðfjörð**

Sverrir sinnir í dag rannsóknum og kennslu í Háskóla Íslands. Hann starfaði hjá Landsneti á árunum 2010 til 2024, sem framkvæmdastjóri upplýsingagreindar og –tækni 2023 til 2024 og framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs frá 2015 til 2023. Á árunum 2010 til 2015 var hann deildarstjóri upplýsingatækni og síðar kerfisþróunar. Sverrir var áður deildarstjóri hjá Applicon. Hann sat í stjórn Orkufjarskipta 2015 til 2023 og var í stjórn nefndar innan ENTSO-E 2013 til 2023. Sverrir er með B.Sc. í rafmagns- og tölvuverkfræði, frá Háskóla Íslands og M.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet.

**Valgerður Gunnarsdóttir**

Valgerður setið í stjórn Rarik frá 2018. Hún starfar í dag sem skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík en þar hefur hún verið síðastliðin 7 ár. Hún var alþingismaður Norðausturkjördæmis fyrir Sjálfstæðisflokkinn 2013-2017 og skólameistari Framhaldsskólans á Laugum 1999-2013. Fyrir það var Valgerður gjaldkeri Húsavík, Bókari hjá Lífeyrissjóðnum Björgu og ritari sýslumanns Þingeyjarsýslna. Valgerður er með BA í íslensku frá Háskóla Íslands og próf í kennslu- og uppeldisfræðum frá Háskólanum á Akureyri.

**Þóra Þórisdóttir**

Þóra hefur nýverið látið af störfum sem fjármálastjóri hjá Nóa Síríus en þar var hún frá 2022-2025. Hún var starfandi forstjóri félagsins frá maí-nóv 2023. Áður var Þóra fjármálastjóri Coca-Cola Europacific Partners í Svíþjóð frá 2020-2022 og framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni hjá Coca-Cola á Íslandi 2012-2018. Þóra var stjórnarformaður Avis frá 2012-2020 og hefur setið í stjórn Samhjálpur frá 2014. Hún er með BS gráðu í Stefnumiðaðri stjórnun frá Háskóla Íslands og Meistara gráðu í faginu frá sama skóla.
